

Umhverfisstofnun
Bjarni Pálsson
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. mars 2008
2008020010/42-4-1
JGO/mfb

Efni: Leyfi til ljósmyndunar á fálka

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar, dags. 8. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á umsókn til ljósmyndunar á fálka frá Stig Frode Olsen. Náttúrufræðistofnun mælir með því að umbeðinn aðili fái leyfi til ljósmyndunar með eftirfarandi skilyrðum, auk þeirra hefðbundnu sem gilt hafa um áraskeið.

- Umsækjanda verði tilkynnt að Ólafur K Nielsen mun ekki leiðsegja honum að fálkahreiðrum þar sem hann sé nú hættur slíku. Óafur hefur leiðbeint tugum manna í slíkum erindagjörðum í meira en aldarfjörðung, en hefur ekki lengur tíma til þess vegna anna.
- Heimilt verði að mynda fálka við hreiður á tímabilinu 15. -30. júní. Á þeim tíma eru ungar nægjanlega þroskaðir til að þola einhverja truflun og ekki orðinir það stórir að líklegt sé að þeir hoppa úr hreiðrinu við truflun.
- Að öðru leyti skal bent á þau almennu skilyrði sem gilt hafa um sambærilegar undanþágur um árabíl og samþykktar voru í tíð Ráðgjafarnefndar um villt dýr, t.d. varðandi samráð við landeigendur, lögreglu o.fl. Tveir fulltrúar fyrirrennara Umhverfisstofnunar áttu sæti í þeirri nefnd (Náttúruvernd ríkisins og veiðistjóri) og starfa viðkomandi starfsmenn báðir ennþá hjá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

